

**Ed.**

**398. Frumvarp til laga**

[197. mál]

um skattfrelsi jarðstöðvar til fjarskiptasambands við umheiminn.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

**1. gr.**

Innflutningur af hálfu eignaraðila á byggingarefni, vélum og búnaði og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum til byggingar og reksturs jarðstöðvar og tengdra mannvirkja til fjarskiptasambands við umheiminn skal undanþegin aðflutningsgjöldum og söluskatti við innflutning. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

**2. gr.**

Jarðstöðin og eignaraðilar hennar skulu undanþegnir tekjuskatti, eignarskatti, aðstöðugjaldi og fasteignaskatti varðandi rekstur stöðvarinnar.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi og halda gildi sínu uns Póstur og sími hefur öðlast fulla eignaraðild að jarðstöðinni.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Fjarskipti Íslands við umheiminn hafa aukist jafnt og þétt á undanförunum árum. Hefur og komið æ betur í ljós að núverandi fjarskiptasamband, sem byggist á tveimur sæstrengjum, öðrum austur um haf en hinum vestur um haf, er með öllu ófullnægjandi og má segja að nú sé afkastageta sæstrengjanna að fullu nýtt. Frambúðarlausn á þessu vandamáli er að koma upp hér á landi jarðstöð er annast gæti þráðlaust fjarskiptasamband um gervitungr.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögleiddar verði að því er jarðstöðina varðar tvenns konar undanþágur frá almennum reglum um opinber gjöld, annars vegar varðandi byggingu stöðvarinnar (1. gr.) en hins vegar varðandi rekstur hennar (2. gr.).

**Um 1. gr.**

Grein þessi er að mestu efnislega samhljóða ákvæðum ýmissa laga sem undanþegið hafa byggingarefni, vélar og búnað vegna ýmissa stórframkvæmda aðflutningsgjöldum og söluskatti. Gert er ráð fyrir því að fjármálaráðherra setji nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

**Um 2. gr.**

Eins og kunnugt er hefur Mikla norræna símafélagið fastan samning um samsímaþjónustu við Ísland fram til 1985. Til að sinna þessari þjónustu með viðunandi hætti án óhæfilegra bilana er félagið komið á fremsta hlunn með að leggja nýjan streng milli Íslands og Evrópu.

Að frumkvæði íslenskra stjórnvalda hefur í viðræðum við Mikla norræna símafélagið verið komist að samkomulagi um að félagið leggi andvirði nýs sæstrengs í jarðstöð til fjarskipta um geimstöð. hæði austur og vestur um haf. Er þetta samkomulag íslendingum mjög hagstætt, þar eð það leggur grunn að alíslensku eignarhaldi á slíkri jarðstöð eigi síðar en 1991 og ef vill eftir 1985, byggt að hluta á fjármögnun Mikla norræna símafélagsins á jarðstöðinni. Þá væri enginn rekstrargrundvöllur fyrir slíkri jarðstöð samhliða aukinni notkun sæstrengja Mikla norræna símafélagsins fram til 1985.

Þau vandkvæði hafa komið upp að tekjur af rekstri sæstrengs verða ekki skattskyldar hérlendis, en samkvæmt gildandi lögum yrðu tekjur af jarðstöð skattskyldar.

Þar eð skatthlutfall er hærra h rlendis en   Danm rku fyrir f lag af þessu tagi skiptir það m li fyrir f lagið   hvoru landinu tekjur þessar eru skattlagðar, þr tt fyrir gildandi tvísk ttunarsamninga.

Með því   samningar þessir allir eru  slendingum til hagsb ta og gerðir   okkar beiðni getur Mikla norr na s maf lagið ekki fellt sig við   þessi breyting leiði til r rari skattkjara en þeir n  nj ta og mundu nj ta til 1985 ef n gildandi samningar yrðu framkv mdir  breyttir.

Því s nist vera  h kv milegt   setja s rstakt  kv ði   l g sem undanþiggur Mikla norr na s maf lagið skattlagningu h r   landi af t ðri jarðst ð þar til h n er orðin   fullu eign  slendinga. Yrði það hið skemmsta 1985 en   s ðasta lagi 1991.